um rannsókn á, hvernig best megi vinna verðmæti úr sláturúrgangi.

Flm.: Ingólfur Jónsson, Steinþór Gestsson, Eyjólfur K. Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram rannsókn á því, með hverjum hætti hagkvæmast sé að vinna verðmæti úr sláturúrgangi.

Greinargerð.

Íslendingar eru enn skammt á veg komnir með að nýta verðmæti, sem unnt er að vinna úr sláturúrgangi. Sé borið saman við það sem gerist víða erlendis, kemur í ljós, að við eigum mikið ógert í þessum efnum. Hér er miklum verðmætum kastað með því að nýta ekki sláturúrgang betur en nú er gert.

Mikil verðmæti eru í blóði og innmat sláturgripa, sem ekki er að fullu nýttur. Víða erlendis eru bein sláturdýra möluð og mjölið notað í bætiefnaríkt fóður. Úr hornum, klaufum og hófum eru gerðir ýmsir verðmætir hlutir, sem eru á háu verði á stórmörkuðum víða um lönd.

Ekki skal fullyrt að þessu sinni, hversu miklu fjármagni er á glæ kastað miðað við heildarverðmæti hvers sláturgrips, þegar meðferð á sláturúrgangi er eins og hér gerist. En menn, sem hafa kynnt sér þessi mál erlendis, telja að sláturúrgangur ásamt beinum gæti numið 30—40% af heildarverðmæti sláturdýra, sé unnið úr öllum sláturúrgangi sem nýtilegur er.

Í flestum iðnvæddum löndum hafa orðið miklar framfarir með nýjustu tækni í nýtingu hvers konar efna, bæði lífrænna og ólífrænna. Þykir nú sjálfsagt, þar sem þekking og hagsýni er ráðandi, að nýta sláturúrgang og vinna verðmæt efni úr flestu sem af sláturdýrum fellur. Atvinnulíf á Íslandi er enn fremur fábreytt. Iðnaður hérlendis er ungur að árum. Landið hefur ávallt verið talið snautt af hráefnum til iðnaðarframleiðslu. Atvinnuöryggi er ekki nægilega tryggt fyrir allan almenning. Greiðslugeta atvinnuveganna þarf að vera meiri og afkoman traustari en nú er. Með því að fullnýta framleiðsluna, auka verkþekkingu og vinnuafköst, m. a. með vinnuhagræðingu, gætu tekjur almennings aukist og lífskjörin batnað. Með auknu framleiðsluverðmæti og hagsýni í rekstri fyrirtækja má gera ráð fyrir, að greiðslugetan aukist og hagur atvinnufyrirtækjanna verði traustari. Þetta á ekki aðeins við um nýtingu sláturúrgangs og meðferð sláturafurða, heldur einnig sjávarútveginn og ýmsar aðrar greinar atvinnulífsins.

Íslendingar hafa oftast óhagstæðan viðskiptajöfnuð við útlönd. Útflutningsverðmæti þjóðarbúsins hefur verið árlega miklu minna en það sem inn er flutt. Afleiðing af því er m. a. verðbólga og minnkandi gildi íslenskrar krónu, sem ekki fæst skráð erlendis eins og gjaldmiðill annarra sjálfstæðra þjóða. Viðskiptahallinn er að jafnaði greiddur með erlendum lántökum. Skuldir hafa safnast erlendis, og getur orðið erfitt að standa skil af vöxtum og afborgunum af þeim, nema framleiðslan aukist og útflutningstekjur vaxi. Skilningur virðist nú vera vaxandi hjá stjórnvöldum og þjóðinni fyrir þessum staðreyndum. Gefur það vonir um, að sú stefna megi verða ráðandi í atvinnumálum, sem leiðir til ráðdeildar, aukinnar framleiðslu og vaxandi þjóðartekna. Með því að hafa full umráð yfir fiskimiðunum í kringum landið mun þjóðin fá mikla möguleika til þess að auka þjóðarframleiðsluna. Sé auk þess að því unnið á vísindalegan og hagfræðilegan hátt að nýta þau verðmæti, sem fyrir eru í landinu, betur en verið hefur, munu öll skilyrði til kjarabóta almenningi til handa batna verulega.

Viðskiptahallinn mun verða minni á þessu ári en nokkur undanfarin ár. Er það vegna þess, að aflabrögð hafa yfirleitt verið góð á árinu, en þó sérstaklega fyrir það, að verð flestra sjávarafurða hefur hækkað verulega. Er gert ráð fyrir, að útflutningsverðmæti aukist á árinu um 12 milljarða kr. þótt aflamagn sé aðeins 1.5% meira en það var árið 1975.

Nauðsyn ber til að gera ýmsar ráðstafanir til þess að sá bati, sem fæst á þessu ári í viðskiptum við útlönd, geti haldið áfram. Drýgsti þátturinn í þeirri viðleitni verður aukin vinnsla framleiðslunnar sem gæti margfaldað verðgildi hennar í mörgum tilfellum. Að því ber að vinna að fá hagstæðan viðskiptajöfnuð við útlönd og traustan þjóðarbúskap í framtíðinni.